

AUGLÝSING

um nýtt og breytt deiliskipulag í Fjallabyggð.

Skarðsdalur – óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Bæjarráð Fjallabyggðar í umboði bæjarstjórnar, samþykkti þann 18. júlí 2017 óverulega breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal, Siglufirði. Breytingin felur í sér hliðrun á vegarkafla efst í Skarðsdal ásamt breytingum á fyrirkomulagi bílastæða við fyrirhugaðan skíðaskála. Einnig er svæði fyrir T-lyftu fært í samræmi við breytingu á vegi. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Athafnalóðir á Þormóðseyri – nýtt deiliskipulag.

Bæjarráð Fjallabyggðar í umboði bæjarstjórnar, samþykkti 18. júlí 2017 deiliskipulag tveggja athafnalóða við Tjarnargötu á Siglufirði. Deiliskipulagið nær til landfyllingar sem bætt var við strandlínu Þormóðseyrar sumarið 2016 og afmarkast af norðurenda gömlu Hafnarbryggjunnar fyrir breytingar til suðurs, lóðamörkum núverandi lóða við Tjarnargötu til vesturs og nýs sjóvarnargarðs til norðurs og austurs. Gert er ráð fyrir tveimur athafnalóðum í deiliskipulaginu með aðkomu frá Tjarnargötu. Málsmeðferð var í samræmi við 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 15. ágúst 2017.

Íris Stefánsdóttir tæknifulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 29. ágúst 2017